

Starfsáætlun Leirvogstunguskóla

2023-2024



Nafn: Leirvogstunguskóli

Heimilisfang: Laxatunga 70

Símanúmer: 586-8648

Netfang: gudrunbjorg@mos.is

Vefsíða: leirvogstunguskoli.leikskolinn.is

VIRÐING - JÁKVÆÐNI - GLEÐI - KÆRLEIKUR



EFNISYFIRLIT

.....	0
ÁVARP LEIKSKÓLASTJÓRA	3
MAT Á LEIKSKÓLASTARFI OG UMBÓTAÁÆTLUN	4
INNRA MAT	4
YTRA MAT	5
STARFSMANNAKÖNNUN LEIRVOGSTUNGUSKÓLA	5
Innra mat Leirvogstunguskóla - 5 ára matsáætlun	7
UMBÓTAÁÆTLUN	8
ÁHERSLUR LEIKSKÓLANS NÆSTA STARFSÁR	9
STARFSMANNAMÁL OG ÁÆTLANIR	11
STARFSMANNAHÓPURINN	11
STARFSPRÓUNARSAMTÖL	11
SÍMENNTUN FRÁ SÍÐASTA ÁRI	11
ÁÆTLUN UM SÍMENNTUN Í LEIKSKÓLANUM	12
AÐRAR UPPLÝSINGAR	13
BARNAHÓPURINN 1. SEPTEMBER	13
FORELDRASAMVINNA	13
FORELDRARÁÐ	13
FORELDRAVIÐTÖL	13
FORELDRAFÉLAG	14
HEFÐIR OG MENNING	16

ÁVARP LEIKSKÓLASTJÓRA

Það voru nokkrar áskoranir skólaárið 2022-2023.

Það fór ekki framhjá neinum frosthörkurnar og hafði það áhrif á húsnæði skólans og útiveru barna.

Margir starfsmenn hættu á sama tíma, tveir starfsmenn sem voru búnir að starfa í skólanum í mörg ár fóru á annan starfsvettvang og nokkrir fóru í Háskóla. Ekki tókst að ráða í allar stöður og af þeim sökum var ekki hægt að opna ungbarnadeildina.

Þrátt fyrir mönnunarvandann býr Leirvogstunguskóli yfir miklum mannauði. Hér starfa sjö leikskólakennarar og starfsmenn sem hafa starfað við skólann í fjölda ára.

Það er margt sem stendur upp úr á síðasta skólaári og má nefna þær breytingar sem áttu sér stað í styttri vinnuviku starfsmanna. Nú eru komnir inn skráningardagar sem gerir það að verkum að flestir starfsmenn fara í styttingu á sama tíma.

Í apríl síðastliðin fórum við starfsfólk Leirvogstunguskóla í fræðslu og námsferð til Brighton sem reyndist afar áhugaverð og gagnleg.

Við sjáum fram á betri tíma með fjölgun á starfsfólki. Við sjáum tækifæri í því að sækja okkur meiri þekkingu og auka fræðslu um leikinn í formi námskeiða og fyrirlestra.

Þakklæti til starfsfólks skólans sem vinnur saman með jákvæðni og lausnum.

Guðrún Björg Pálsdóttir

Leikskólastjóri Leirvogstunguskóla

Mosfellsbæ

MAT Á LEIKSKÓLASTARFI OG UMBÓTAÁÆTLUN

INNRA MAT

Með innra mati leikskóla er lögð áhersla á að draga fram þá þætti sem við viljum bæta, leggja mat á og leggja grunn að umbótaáætlun þar sem þess er þörf.

Óformlegt mat á sér stað daglega á morgunfundum, á reglulegum deildar- og deildarstjórafundum og starfsmannafundum.

Á vorönn 2023 átti að meta hópastarf. Vegna mikilla erfiðleika í starfsmannahaldi og viðvarnadi undirmönnunar var ákveðið að innra mat færi hvorki fram á vorönn né á haustönn 2023. Á vorönn 2024 verður *leikurinn* aðalmatsþátturinn. Ástæða þeirrar breytingar eru nýir kaflar í aðalnámskrá leikskóla.

Að fenginni reynslu af fyrsta árinu í markvissu innra mati tók matsteymið þá ákvörðun að gera nýja matsáætlun sem ekki er skipt upp í annir heldur verður unnið með sama matsþátt allt skólaárið. Ný matsáætlun er til 5 ára og tekur einungis til innramats leikskólans.

YTRA MAT

STARFSMANNAKÖNNUN LEIRVOGSTUNGUSKÓLA

Starfsmannakönnun var send út í mars 2023 þar sem svarhlutfall var 85%. Helstu niðurstöður voru þær að nauðsynlegt er að gera umbætur sem tengjast starfsánægju starfsmanna almennt eftir erfiðan vetur með krefjandi verkefnum (sjá umbótaáætlun).

- Starfsánægja fer niður úr 4,0 í 3,5
- Starfsandi fer úr í 4,3 í 4,2
- Fullnægjandi upplýsingar úr 4,2 í 3,7
- Forgangsröðun verkefna úr 4,2 í 3,5
- Álag í starfi úr 4,0 í 3,4
- Meint einelti - 0
- Meint áreitni - 0

Leirvogstunguskóli. Matsáætlun 2023-2024 – Leikur og nám

Viðfangsefni	Viðmið	Matsaðferðir	Þátttakendur	Umbótaáætlun – Nánar í tímasettu skjali	Ábyrgð Lok	Skýrsla - umsjón
Leikur sem aðalnámsleið leikskóla	Allir starfsmenn hafa þekkingu á leik barna og skilja mikilvægi hans í leikskólastarfi. Starfsmenn virða leikinn sem aðal námsleið leikskólans	Ígrunda dagskipulag deilda út frá námssviðum Skoða vægi sjálfssprottins leiks á deildum. Lestur fræða um leik og umræður í kjölfarið	Starfsfólk leikskólans	Fræðsla , lestur fræða um leik barna, umræður. Breyttingar á skipulagi deilda ?	Stjórnendur leikskólans og matsteymi Júní 2024	
Leikefni leikskólans.	Leikskólinn hefur ígrundaða leikefnisstefnu. Allir starfsmenn þekkja stefnuna, markmið hennar og tilgang	Efniviður leikskólans skoðaður og metinn með tilliti til námssviða, sjálfsprottins leiks og leikefnastefnu skólans	Starfsfólk leikskólans og Börn	Vinna leikefnastefnu Endurnýja leikefni samkvæmt leikefnastefnu	Matsteymi Mars 2024	
Aðgengi að leikefni og aðstaða til leikja	Börnin hafa gott aðgengi að því leikefni sem í boði er. Bæði innandyra og utan	Umræður á starfsmannafundum og deildarfundum	Starfsfólk leikskólans og Börn	Bæta aðgengi barna eins og kostur er með því að auðvelda aðgengi að leikefni	Matsteymi Maí 2024	
Valdefling barna	Hlustað er á raddir barna. Börn hafa áhrif á skipulag deilda og viðfangsefnum samkvæmt aldri/þroska	Hver deild fer yfir sitt húsnæði og skipulag	Starfsfólk leikskólans Börn. Foreldrar	Nýta rými húsin á markvissan hátt svo og útisvæði. Samnýta eins og kostur er	Matsteymi Maí 2024	
Hlutverk starfsmanna í leik barna	Starfsmenn hafa þekkingu á hlutverki sínu í leik barna	Starfsmannakönnun	Starfsfólk leikskólans	Fræðsla og umræður	Stjórnendur leikskólans Júní 2024	

Innra mat Leirvogstunguskóla - 5 ára matsáætlun

Matsþættir	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Stjórnun	Leikskólabragur	Innra mat
2023-2024 Leikur og nám	Leikefni. Aðgengi barna að leikefni. Aðstaða fyrir leik inni og úti. Þátttaka barna í leik Lýðræði	Hlutverk starfsmanna í leik barna Starfsþróun	Skipulag leikskólans Tækifæri til skoðanaskipta	Viðhorf starfsmanna. Samstarf Fundir	Þátttaka barna í innra mati
2024-2025 Skólastarf og skólanámskrá	Samþætt og skapandi leikskólastarf. Námssvið leikskóla Ný skólanámskrá	Virkt námskrárteymi Gott og raunhæft skipulag á vinnu við nýja skólanámskrá	Forysta stjórnenda í gerð nýrrar skólanámskrár		Ný skólanámskrá gefin út í lok skólaárs
2025-2026 Fagmennska kennara og símenntun	Þekking starfsmanna á nýrri skólanámskrá	Starfsþróun og starfsánægja	Stuðningur við starfsmenn Starfsmannasamtöl	Einkenni leikskólabrags Leirvogstunguskóla	
2026-2027 Stjórnunarþættir	Leikskólaþróun		Leikskólastjóri sem faglegur leiðtogi	Samvinna. Upplýsingamiðlun Teymisvinna	Sameiginleg sýn
2027-2028 Innra og ytra mat. Umbótaáætlanir	Skipulag mats og gagnaöflun	Matsteymi og þátttaka í mati	Eftirfylgni umbótaáætlana		Opinber birting mats og umbætur

UMBÓTAÁÆTLUN

Umbótaþáttur	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímasetning
Starfsánægja og starfsandi	Að stuðla að ánægju í starfi og efla jákvæð samskipti starfsfólks	Snerpusamtöl að hausti og vori Reglulegt hópefli yfir árið	Stjórnendur	Allt skólaárið 2023-2024
Upplýsingagjöf til starfsmanna	Efla upplýsingagjöf	Koma aftur á morgunfundum. Tíðari deildarstjórafundir.	Stjórnendur og deildarstjórar	Desember
Álag í starfi	Finna leiðir til að minnka álag í starfi	Samvinna milli deilda (hólfa)	Stjórnendur og deildarstjórar	Allt skólaárið

ÁHERSLUR LEIKSKÓLANS NÆSTA STARFSÁR

Síðustu ár höfum við verið að samræma starfið okkar og gera það markvissara á deildum þannig að allir séu að vinna í takt. Þetta er nauðsynlegt þar sem deildum leikskólans með blandaðan aldur hefur fjölgað.

Í Leirvogstunguskóla er unnið samkvæmt kennsluaðferðinni Leikur að læra þar sem áhersla er lögð á að læra í gegnum leikinn. Þessi kennsluaðferð hentar öllum börnum og er sniðin að þeirra þroskastigi hverju sinni. Áhersla er lögð á að allir nýir starfsmenn leikskólans fái byrjunarnámskeið í kennsluaðferðinni. Hver deild/hópur fer í Leikur að læra 1-2 sinnum í viku.

Leikurinn Áhersla verður lögð að auka enn meira vægi leiksins í námi barnsins. Leikurinn er bæði markmið og leið í uppeldi og menntun ungra barna. Leikurinn í sinni fjölbreyttustu mynd er leið náms og þroska í lífi ungra barna og er kjarninn í öllu námi og starfi í leikskóla. Í leik öðlast börn m.a. þekkingu, færni, fimi og frjóá hugsun. Leikurinn er náms- og þroskaleið barnsins og um leið kennslutæki kennarans.

Bókasafnsferð elstu árganga Tveir elstu árgangarnir fara í reglulegar ferðir á Bókasafn Mosfellsbæjar. Þar fá að skoða listasafnið, starfsmaður les fyrir þau bók sem varpað er upp á skjá og að lokum fá börnin að skoða og lesa bækur. Börnin fara með strætó á milli.

Flæðandi föstudagar Leikur og verkefni sem byggt er upp á samvinnu á milli deilda. Þar fá börn tækifæri að flæða á milli deilda/verkefna með frjálsum hætti og kynnast um leið öðrum og fleiri börnum á öðrum deildum. Skemmtilegt verkefni sem gaman er að festa í sessi.

Námskrá: Á nýju ári verður farið í að leggja lokahönd á gerð nýrrar skólanámskrár sem áætlað er að líti dagsins ljós á vormánuðum.

Efniviður: Áfram verður unnið með opin efnivið þar sem kubbar eru í forgrunni ásamt verðlausu efni. Áhersla er á könnunarleikinn meðal yngstu árganganna þar sem lögð er áhersla á skynjun barnanna. Í lok dags er svokallað kassaval sem inniheldur oft lokaðan efnivið.

Skapandi starf: Sköpun er einn af grunnþáttum menntunar og mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi. Við viljum efla skapandi starf, ýta undir forvitni og frumkvæði. Við viljum hvetja börnin til að leita lausna, rýna, skoða og rannsaka. Umhverfið okkar og náttúran verða í forgrunni ásamt verðlausu efni og ímyndunaraflinu. Göngutúrar, listsköpun og fræðsla.

TMT (tákni með tali) Tákni með tali byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Áhersla er lögð á að tákna lykilorð hverrar setningar. Aðferðin er málörvandi fyrir öll ung börn. TMT er ávallt notað samhliða tali , tákni gera málið sýnilegt og styðja þannig við töluðu orðin.

STARFSMANNAMÁL OG ÁÆTLANIR

STARFSMANNAHÓPURINN

Þann 1. september 2023 unnu 24 starfsmenn í Leirvogstunguskóla. Í þeim hópi eru sjö leikskólakennarar, einn starfsmaður í leikskólakennararfræðum, einn háskólamenntaður starfsmaður, tveir í háskólanámi, tveir starfsmenn í leikskólaliðanum, matráður og almennir starfsmenn.

STARFSPRÓUNARSAMTÖL

Starfspróunarsamtöl eru haldin á hverri vorönn. Þessi samtöl eru trúnaðarsamtöl milli starfsmanns og stjórnenda. Markmið starfspróunarsamtala er að ræða líðan og frammistöðu starfsmanns og gefst starfsmanni tækifæri til að láta vita ef eitthvað má betur fara. Niðurstöður eru nýttar til að færa til betri vegar það sem bent er á og kemur fram, hvort sem það snertir leikskólann eða starfsmanninn.

SÍMENNTUN FRÁ SÍÐASTA ÁRI

Sumarið 2022 lauk einn starfsmaður námi í leikskólakennarafræðum, annar starfsmaður hóf nám í leikskólakennarafræðum um haustið, einn starfsmaður var í sérkennslufræðum og 4 starfsmenn voru í leikskólaliðanum.

Stór hluti starfsfólks hélt til Brighton í námsferð í apríl 2023. Fræðandi og skemmtileg ferð þar sem starfsfólk sankaði að sér aukinni þekkingu og fræðslu m.a. í útikennslu, sköpun og tók þátt í verkefni tengdu lifnaðarháttum fyrri alda.

Á starfsdegi (15. Nóvember 2022) kom Kristín Einarsdóttir, stofnandi Leikur að læra, og var með skemmtilega og fræðandi kennslu þar sem starfsfólk voru þátttakendur í verkefnum sem hún lagði fyrir.

Á fræðsludegi (28. september 2023) og starfsdegi (25. október 2023) var Ragnheiður Halldórsdóttir með erindi og fræðslu um leikinn, Guðrún Ragnheiður sérkennslustjóri var með fræðslu og kynningu á ýmsu kennsluefni sem hún hefur

verið að búa til og Kristín Edda Guðmundsdóttir kom til okkar var með stutta fræsðlu um jákvæðni og almenna líðan. Samtökin '78 kom og var með hinsegin fræðslu.

ÁÆTLUN UM SÍMENNTUN Í LEIKSKÓLANUM

Leirvogstunguskóli er framsækinn skóli í sífelldri þróun og því símenntun nauðsynleg. Endurmenntun fer fram jafnt og þétt allt árið, starfsmenn sækja námskeið og eru skipulagsdagar vel nýttir til námskeiða og fyrirlestra af ýmsu tagi.

Á þessu skólaári er einn starfsmaður í leikskólakennarafræðum, einn starfsmaður í leikskólaliðanum, einn í háskólanámi. Allir starfsmenn fara á TMT námskeið, LAL fræðslu og nýjir starfsmenn munu fá nýliðakynningu.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

BARNAHÓPURINN 1. SEPTEMBER

Í Leirvogstunguskóla eru 101 barn á aldrinum 1 árs - 5 ára, fædd 2018 -2022. Kynjahlutfall er mjög jafnt, 54 drengir og 47 stúlkur. Þau skiptast niður á 5 deildir, Kvíslakot, Laxakot, Leirukot, Tungukot og Vogakot. Það eru 4 börn með annað móðurmál en íslensku og 6 börn sem eiga annað foreldri af erlendum uppruna. Önnur tungumál en íslenska í barnahópnum er enska, þýska, pólska, litháíska, filipíska, franska, hebreska og gríska.

FORELDRASAMVINNA

FORELDRARÁÐ

Til setu í foreldraráði eru valdir/kosnir þrír einstaklingar úr foreldrahópi Leirvogstunguskóla. Valið er í ráðið að hausti til eins árs í senn. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um öll þau mál sem snert geta starfsemi skólans. Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar um skólanámskrá og annað sem viðkemur málum skólans. Ráðið fer yfir allar breytingar t.d. á skóladagatali og ábendingar frá foreldrum.

FORELDRAVIÐTÖL

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á skólaári eða einu sinni á önn í byrjun nóvember og mars. Fyrirkomulagið hefur verið þannig að foreldrarnir koma í leikskólann og ræða við deildarstjóra barna sinna í 15 mín. Foreldrar hafa val um símaviðtal eða viðtal á staðnum en það fyrirkomulag er í höndum hvers og eins deildarstjóra.

FORELDRAFÉLAG

Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru allir foreldrar félagar í því. Á hverju hausti er haldinn aðalfundur þar sem dagskrá skólaársins er kynnt og gjald vetrarins ákveðið. Félagið sér um sumarhátíðina, kaupir jólagjafir frá jólasveininum og aðrir uppákomur eftir hugmynd þeirra hverju sinni.

SAMSTARF VIÐ AÐRA SKÓLA OG STOFNANIR

Á hverju ári fer elsti árgangur skólans í skólaheimsókn í Varmárskóla. Bókasafn Mosfellsbæjar hefur einnig boðið börnunum í heimsókn. Sumarleikskólinn er samstarfsverkefni leikskóla Mosfellsbæjar, þá sameinast allir leikskólar á einn leikskóla en þá geta hinir nýtt lokun í viðhald ef þörf er á.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Leirvogstunguskóli tók til starfa þann 17. ágúst árið 2011 og var rekinn sem leikskóladeild frá leikskólanum Reykjakoti fram til september 2014. Í upphafi voru aðeins tvær deildir í leikskólanum en síðastliðin ár hefur deildunum fjölgað og haustið 2020 var skólinn orðinn sex deilda leikskóli og í honum dvelja um 112 börn frá aldrinum 12 mánaða til 6 ára.

Í Leirvogstunguskóla er lögð áhersla á markvissa og faglega kennslu í gegnum hreyfingu, leik og skynjun. Hugmyndafræði leikskólans byggir á kennsluaðferðinni Leikur að læra, þar sem form-, lita-, bókstafa-, stærðfræði- og hljóðakennslu er fléttað saman við hreyfingu. Dagskipulag

leikskólans er skýrt en veitir svigrúm til þess að bregða út af því þegar þess þarf. Skipulag og ákveðnar tímasetningar gefa starfinu festu og veita börnunum, foreldrum þeirra og starfsfólki leikskólans öryggi. Hópastarf er einu sinni á dag þar sem unnin eru verkefni sem miða að því að þjálfa ákveðna færni. Meðal annars er unnið með kennsluaðferðina Leikur að læra,

07:30- 8:30	Móttaka og val
08:30-09:10	Morgunmatur
09:10	Samverustund/ávextir
09:30	Hópastarf
12:00	Hádegismatur
12:30	Róleg stund/hvíld
13:00	Val
14:30	Nónhressing
15:00	Kassaval/útivera

hreyfistundir, sköpun, kubbastundir, hlutverkaleiki, útileiki, frjáls leikur og vettvangsferðir. Í lok dags er kassaval þar sem boðið er upp á lokaðan efnivið.

HEFÐIR OG MENNING

Afmæli barna: Þegar börn eiga afmæli höldum við upp á það. Afmælisbarnið býður börnunum á deildinni upp á ávexti og fær afmælisbarnið kórónu, skikkju og sungin er afmælissöngur.

Bangsadagur: 27. október er alþjóðlegi bangsadagurinn. Á þeim degi er náttfata- og bangsadagur í leikskólanum.

Dagur íslenskrar tungu: Þá eru sögur og/eða ljóð lesin eftir íslenska höfunda á hverri deild.

Jólin: Um leið og aðventan gengur í garð förum við að huga að jólunum. Við syngjum jólalög og börnin búa til jólagjafir handa foreldrum. Við höldum jólaball þar sem jólasveinninn kemur í heimsókn með pakka handa hverju barni og borðaður er hátíðarmatur.

Ljósadagur: Í janúar ár hvert höldum við ljósdag þar sem börnin mega koma með vasaljós að heiman og við lýsum upp svartasta skammdegið.

Dagur leikskólans: Við höldum upp á daginn með því að skreyta skólann með listaverkum barnanna og höfum opið hús fyrir foreldra og bjóðum í foreldrakaffi.

Þorrablót: Á bóndadaginn er boðið upp á íslenskan þorramat. Börnin fönðra þorrakórónur og mega mæta lopapeysum ef þau kjósa svo.

Bolludagur - Sprengidagur - Öskudagur:

Við fögnum bolludeginum með fiskibollum í hádeginu og gómsættum rjómbollum í nónhressingu. Á sprengidag belgjum við okkur út af saltkjöti og baunum, samkvæmt gamalli hefð. Á öskudaginn er búningadagur og slegið upp öskudagsball í tilefni dagsins.

Vorhátíð: Í júní er haldin vorhátíð í boði foreldrafélagsins. Hátíðin er haldin utandyra þar sem margt skemmtilegt er í boði. Grillaðar pylsur og farið í skrúðgöngu og leiki.

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Leirvogstunguskóli**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ							
1 Þ	Sumarleiðskóli	1 F	1 S	1 M	1 F	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 F	1 F	Annar í Páskum	1 M	Verkalýðs dagurinn	1 L	1 M			
2 M	Sumarleiðskóli	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	Starfsdagur	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	Sjómanna dagurinn	2 Þ	2 Þ			
3 F	Sumarleiðskóli	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 F	3 M	3 M			
4 F	Sumarleiðskóli	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 L	4 F	4 F			
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 M	5 F			
6 S		6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	Þrettándinn	6 Þ	Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 L	6 M	6 F	6 L			
7 M	Friðdagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 S	7 M	Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 S	7 Þ	7 F	7 S			
8 Þ		8 F	Dagur læsis	8 S	8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 M			
9 M		9 L		9 M	9 F	9 Þ	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 Þ	9 F	Uppstigningardagur	9 S	9 Þ	Sumarleiðskóli
10 F		10 S		10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L		10 S		10 M	10 F	10 M	10 M	Sumarleiðskóli		
11 F		11 M		11 M	11 L		11 F	11 S	Dagur íslenska táknaárlins	11 M	11 F	11 F	11 L	11 Þ	11 F	Sumarleiðskóli		
12 L		12 Þ		12 F	12 S		12 F	12 M	Þolludagur	12 Þ	12 F	12 F	12 S	12 M	12 F	Sumarleiðskóli		
13 S		13 M		13 F	13 M		13 L	13 Þ	Sprengingardagur	13 M	13 L	13 L	13 M	13 F	13 L			
14 M		14 F		14 L	14 Þ		14 S	14 M	Óskudagur	14 F	Dagur stærðfræðinnar	14 S	14 Þ	14 F	14 S			
15 Þ		15 F		15 S	15 M		15 F	15 M		15 F		15 M	15 L	15 M	15 M	Sumarleiðskóli		
16 M		16 L	Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 L			16 F		16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	Sumarleiðskóli		
17 F		17 S		17 Þ	17 F		17 S	17 M		17 L		17 S	17 M	17 F	17 M	Sumarleiðskóli		
18 F		18 M		18 L	18 M		18 F	18 M	18 S	Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	Sumarleiðskóli		
19 L		19 Þ		19 F	19 S		19 Þ	19 F	19 M	Bónadagur - upphaf Þorra	19 M	19 F	19 S	19 F	19 F	Sumarleiðskóli		
20 S		20 M		20 F	20 M	Dagur mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 M	20 L	20 M	20 F	20 L			
21 M		21 F		21 L	21 Þ		21 F	21 S	21 M		21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S			
22 Þ		22 F		22 S	22 M		22 F	22 M	22 F		22 F	22 M	22 L	22 M	22 M	Sumarleiðskóli		
23 M		23 L		23 M	23 F	Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L		23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 S	Sumarleiðskóli		
24 F		24 S		24 Þ	24 F	Þólangadagur jóla	24 M	24 L	24 S	Þalmasunnudagur	24 M	24 F	24 M	24 F	24 M	Sumarleiðskóli		
25 F		25 M		25 M	25 L	Starfsdagur	25 L	25 F	25 S		25 M	25 F	25 S	25 Þ	25 F	Sumarleiðskóli		
26 L		26 Þ	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S		26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 F	Sumarleiðskóli		
27 S		27 M		27 F	27 M		27 L	27 Þ	27 M		27 L	27 M	27 F	27 L	27 L			
28 M		28 F	Starfsdagur - Menntakvika	28 L	Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S			
29 Þ		29 F		29 S	29 M		29 F	29 M	29 F	29 F	Föstudagurinn Langi	29 M	29 L	29 M	29 M	Sumarleiðskóli		
30 M		30 L		30 M	30 F		30 L	30 Þ		30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	Sumarleiðskóli		
31 F				31 Þ	31 S	Samírsdagur	31 M	31 L	31 S	31 S	Páskadagur		31 F		31 M	Sumarleiðskóli		
																1 F	Sumarleiðskóli	
																	2 F	Sumarleiðskóli

